

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 963 (29.10.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024; framhald yfirferðar byggðaráðs;

Málsnúmer : 202005082
Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 29.10.2020

Inngangur : a) Framkvæmdastyrkir til félaga

Guðmundur St. Jónsson vék af fundi kl. 13:55 vegna vanhæfis.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sátu áfram fundinn undir þessum lið þar sem til umræðu voru framkvæmdastyrkir til íþrótta- og æskulýðsfélaga, sjá m.a. mál 202009134 og mál 202009070 í íþrótta- og æskulýðsráði þann 6. október s.l.

Gísli Rúnar og Gísli viku af fundi kl.14:14.

b) Framkvæmdir og fjárfestingar 2021-2024

Guðmundur St. Jónsson kom inn á fundinn að nýju kl. 14:16.

Farið yfir tillögur að framkvæmdum og fjárfestingum 2021-2024 frá umhverfis- og tæknisviði og veitu- og hafnasviði eftir umfjöllun byggðaráðs, tilfærslur og lagfæringar sviða.

c) Búnaðarkaup

Farið yfir tillögur að búnaðarkaupum 2021 eftir niðurskurð sviða samkvæmt tilmælum byggðaráðs.

d) Erindi íbúa og tillögur fagráða

Farið yfir stöðu mála hvað varðar erindi frá íbúum, félögum og félagasamtökum, umfjöllun fagráða og niðurstöður.

e) Tillögur vinnubóka vs. rammar

Farið yfir stöðu tillagna að fjárhagsáætlun samkvæmt vinnubókum í samanburði við fjárhagsramma.

f) Afgreiðslur minnisblaða

f.1 Minnisblað frá Atvinnumála- og kynningarráði vegna beiðni um viðbótarframlag til kynningarmála næstu 3 ár.

f.2 Minnisblað frá fjármála- og stjórnsýslusviði vegna reksturs Félagslegra íbúða.

g) Launaáætlun og stöðugildi

Farið yfir stöðu launaáætlunar 2021 og yfirlit stöðugilda samkvæmt nýjustu keyrslu með breytingum sem kynntar voru á fundinum.

h) Þriggja ára áætlun

Rætt um þriggja ára áætlun, þróun íbúafjölda og aldursþróun íbúa, áhættugreiningu.

i) Fleira ?

Starfsáætlanir, gjaldskrár og það sem eftir verður af ofangreindu fimmtudaginn 5. nóvember n.k.

Niðurstaða : a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 2 atkvæðum að fela íþrótta- og æskulýðsfulltrúa og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs að funda með viðkomandi íþrótta- og æskulýðsfélögum um endurskoðun framkvæmdaráætlunar, tillögur þurfa að liggja fyrir næsta fimmtudag. Guðmundur St. Jónsson tekur ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu vegna

vanhæfis.

b) - e) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að gert verði ráð fyrir kaupum á slökkvibíl árið 2022 í stað 2021 að upphæð 70 m.kr., að öðru leyti eru þessir liðir lagðir fram til kynningar. Lagt fram til kynningar.

f.1) Byggðaráð getur ekki orðið við beiðni Atvinnumála- og kynningarráðs um viðbótarframlag til kynningarmála.

f.2) Byggðaráð samþykkir að leiguverð íbúða hækki um 7% frá og með 1.1.2021 til að halda sem mest í við markaðsleigu í byggðarlaginu.

g) - i) lagt fram til kynningar.